



RAUNHÆF FJÁRLÖG ÁN SKATTAHÆKKANA
Fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir 2010

RAUNHÆF FJÁRLÖG ÁN SKATTAHÆKKANA

Fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir 2010

© SUS
Reykjavík, nóvember 2009



EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt	5
2.	Auknar tekjur	6
2.1	Breytum skattlagningu lífeyrisgreiðslna	6
2.2	Eflum atvinnulífið – fjölgum störfum	7
3.	Bætt verklag	9
4.	Sparnaðartillögur.....	10
4.1	Æðsta stjórn ríkisins	10
4.2	Forsætisráðuneyti	11
4.3	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	12
4.4	Utanríkisráðuneyti	14
4.5	Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti.....	15
4.6	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	17
4.7	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	18
4.8	Heilbrigðisráðuneyti	19
4.9	Fjármálaráðuneyti.....	20
4.10	Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti	21
4.11	Iðnaðarráðuneyti	22
4.12	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	24
4.13	Umhverfisráðuneyti	25
	Um SUS.....	26
	Um skýrsluna.....	27

1. Samantekt

Fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra gerir ráð fyrir 87,4 milljarða króna halla þrátt fyrir 63,1 milljarða króna skattahækkunir. Aðeins er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins lækki um 7,3% að raunvirði. Er það staðreynd, þrátt fyrir að ríkisútgjöld hafi stóraukist síðustu árin. Sú staðreynd ætti að sýna fram á að verulegt svigrúm er til enn meiri sparnaðar.

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) telur að vel sé hægt að spara í rekstri ríkisins þannig að hægt verði að ná fram raunhæfum fjárlögum án skattahækkana og án þess að það komi niður á velferðar-, heilbrigðis- eða menntakerfinu. Ríkissjóður er nú á heljarþröm og brýnt er að allir landsmenn horfist í augu við þá staðreynd að við getum ekki leyft okkur að eyða peningum í hluti sem mörgum þóttu sjálfsagðir árið 2007.

SUS leggur til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um 72,7 milljarða, eins og nánar er útlistað í þessari skýrslu. Auk þess má varlega áætla að breyting á skattlagningu lífeyrisgreiðslna muni bæta afkomu ríkissjóðs um allt að 40 milljarða króna og að bætt umhverfi viðskiptalífsins myndi skapa um 5.000 störf og 15 milljarða í auknum skatttekjum. Samanlagt er því um að ræða 127,7 milljarða króna sem myndu minnka fjárlagahallan um 64,6 milljarða án skattahækkana.

Meginþættir

- ❖ Hægt er að ná fram raunhæfum fjárlögum og minnka hallann um 64,8 milljarða með auknum tekjum og sparnaði, án skattahækkana.
- ❖ Útgjöld ríkisins verði lækkuð um 72,7 milljarða, án þess að skerða framlög til velferðar-, heilbrigðis- eða menntakerfisins verulega.
- ❖ Tekjur ríkisins verði auknar um allt að 55 milljarða, án skattahækkana, með breytingu á skattlagningu lífeyrisgreiðslna og eflingu atvinnulífsins.
- ❖ Herða þarf eftirfylgni með fjárlögum, m.a. með því að veita Ríkisendurskoðun valdheimildir til að beita forstöðumenn ríkisstofnana, sem fara fram úr fjárheimildum án eðlilegra útskýringa, viðurlögum.

Þessu til viðbótar fagnar SUS efnahagstillögum þingflokks Sjálfstæðisflokksins en telur jafnframt að þar sé gengið alltof skammt í átt til lækkunar ríkisútgjalda. Jafnframt telur SUS að Sjálfstæðisflokkurinn verði að biðjast afsökunar á sínum þætti í því að hafa stóraukið ríkisútgjöld á síðustu árum.

2. Auknar tekjur

Eins og vinstrimanna er von, eru skattahækkanir eina leiðin sem þeim dettur í hug til að auka tekjur ríkisins. Samband ungra sjálfstæðismanna leggur annars vegar til að breytingar verði gerðar á skattlagningu lífeyristekna og hinsvegar að ekki verði sótt svo að atvinnulífinu að það geti ekki dafnað og breikkað skattstofnana. Ungt fólk er ekki aflögufært og því eru skattahækkanir ekki valkostur gagnvart ungu fólki. Mæta verður fjárlagahallanum með öðrum hætti.

Ungir sjálfstæðismenn leggjast gegn hvers konar hugmyndum ríkisstjórnarinnar um upptöku nýrra skatta eða hækkun núverandi skatta. Fjármálaráðherra veit að auðveldasta leiðin til að komast hjá óvinsælum niðurskurði er að hækka skatta og leggja til málamyndahugmyndir um niðurskurð. Eftir gríðarlega útpenslu hins opinbera á undanförunum árum er ofgnótt tækifæra til að auka niðurskurð. Sjálfstæðisflokkurinn verður að biðjast afsökunar á sínum þætti í því að hafa blásið út kostnaðarlið fjárlaga. Hluti af miklum tekjum ríkissjóðs undanfarin ár var byggður á bólu sem sprakk. Á sama tíma jukust ríkisútgjöld langt úr hófi fram.

Hækkun fjármagnstekjuskatts er sérstaklega slæm hugmynd. Fjármagn er mjög kvikur skattstofn sem leitar þangað sem hagkvæmast er fyrir það að halda sig, m.a. þar sem skattar eru lægstir. Ísland þarf á fjármagni að halda nú um stundir til að byggja upp atvinnu í landi og því má ekki hamla enn frekar gegn því að fjármagn komi til landsins og haldist í landinu, með hækkun fjármagnstekjuskatts.

Samband ungra sjálfstæðismanna leggur áherslu á að tvær leiðir verði einkum farnar í þeirri viðleitni að auka tekjur ríkisins. Annars vegar verði gerð breyting á skattlagningu lífeyrisgreiðslna sem skilað getur 35 – 40 milljörðum í auknar tekjur á næsta ári. Hinsvegar verði atvinnulífið eftt svo að störfum fjölgi um 5.000 á næsta ári. Slíkt myndi skila um 15 milljörðum króna í auknum tekjum ríkissjóðs. Þessar aðgerðir geta því samtals aukið tekjur ríkisins um 50 – 55 milljarða og það án skattahækkana.

2.1 Breytum skattlagningu lífeyrisgreiðslna

Lagt er til að breytingar verði gerðar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna þannig að þær verði skattlagðar þegar þær eru greiddar til lífeyrissjóðanna en ekki þegar þær eru greiddar úr lífeyrissjóðunum. Þetta hefur ekki áhrif á ráðstöfunartekjur fólks, eins og skýra má með einföldu dæmi:

Hugsum okkur að greiddar séu 1.000 krónur í lífeyrissjóð, ávöxtunin sé 100% og skatturinn 40%.

Núverandi kerfi: 1.000 greiddar inn, eftir 100% ávöxtun er það 2.000. Þegar þær eru greiddar út er greiddur 40% skattur (800 krónur) sem þýðir að einstaklingurinn fær 1.200.

Nýja kerfið: 1.000 greiddar inn, þar af fara 400 í skatt og 600 í sjóðinn. Eftir 100% ávöxtun eru það 1.200 sem greiðast út án skattlagningar.

Eina afleiðingin er því sú að fjárfestingageta lífeyrissjóða mun minnka, til lengri tíma lítið. Í ljósi þess hve fjárþörf ríkisins er brýn nú verður að telja að hér sé því verið að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Þar sem lítill vilji virðist vera hjá ríkisstjórninni til að auka sparnað hjá ríkinu grípur hún til skattahækkana og meiri hallareksturs.

Skattahækkningar koma hart niður á almenningi og hallarekstur þarf að fjármagna með lántökum, sem eru ríkinu kostnaðarsamar.

Þessi aðgerð mun einnig auka útsvarstekjur sveitarfélaga án þess að hækka þurfi útsvarsprósentuna. Þetta svarar því kalli sveitarfélaga um auknar tekjur, án þess að auka þurfi álögur á almenning eða að til þurfi að koma aukin framlög frá ríkinu, t.d. í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

2.2 Eflum atvinnulífið – fjölgum störfum

Öflugt atvinnulíf forsenda velferðar

Reynsla síðustu ára ætti að sýna fram á að öflugt atvinnulíf er gunnstoð öflugs velferðarkerfis. Þótt íslenski fjármálageirinn hafi staðið á brauðfótum skilaði hann ómældum skatttekjum til samfélagsins. Ólíklegt er að fjármálafyrirtæki muni skila miklum skatttekjum á næsta ári og útilokað að þær verði í náinni framtíð í líkingu við það sem þær voru þegar hæst lét. Þrátt fyrir allt standa hinsvegar eftir öflugar atvinnugreinar eins og ferðaþjónusta, sjávarútvegur og stóriðja sem skila miklum skatt- og gjaldeyrstekjum og skapa störf sem eru forsenda þess að ástandið hér á landi er ekki verra en raun ber vitni. Það má ekki skerða aflahæfi þessara greina með skattlagningu og höftum.

Höft hefta uppbyggingu

Ungir sjálfstæðismenn gera þá kröfu að Ísland verði frjálst og opið land til framtíðar. Landið er laskað eftir verstu fjármálakreppu sem um getur og afleiðingarnar eru verri á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Önnur lönd hafa barist gegn kreppunni með markaðsöflin að vopni, en íslensk stjórnvöld hafa unnið skipulega gegn frjálsum markaði og beitt haftabúskap og akkerum ríkisvaldsins við endurreisnina. Slíkt hamlar gegn verðmætasköpun í atvinnulífinu og dregur úr mætti þess til að skila skatttekjum í ríkissjóð.

Mannauður ungs fólks er lykillinn

Ungt fólk og mannaúðurinn sem í því býr er sterkasta vopnið gegn þeim þrengingum sem íslenska þjóðin gengur í gegnum um þessar mundir. Gefa þarf einstaklingum svigrúm til verðmætasköpunar. Mikilvægt er að hvetja fólk til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar. Ríkið mun ekki endurreisa Ísland, það munu einstaklingarnir með atorku sinni gera, þrátt fyrir afskipti ríkisins. Endurreisnin mun ekki eiga sér stað í gegnum nýjar ríkisstofnanir eins og Bankasýslu ríkisins. Þvert á móti þarf að einkavæða ríkisbanka og öll þau fyrirtæki sem þeir hafa tekið yfir, án frekari tafa, til að draga úr þeirri bjögun og mismunun sem stuðningur bankanna við gjaldþrota fyrirtæki veldur gagnvart þeim fyrirtækjum sem lífvænleg geta talist til frambúðar. Brýnt er að ný fyrirtæki hafi aðgang að fjármagni og að áhættufærni bankanna og ríkisstjórnarinnar hindri ekki nauðsynlega endurnýjun í atvinnulífinu.

Gjaldeyrishöft hamla erlendri fjárfestingu

Gjaldeyrishöftin koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu sem er nauðsynleg til að einhver endurreisn geti átt sér stað í íslensku atvinnulífi. Ungir sjálfstæðismenn krefjast þess að gagnslaus gjaldeyrishöft verði afnumin þegar í stað. Það er öllum ljóst, nema Seðlabanka og ríkisstjórn, að höftin skila engum árangri – enda er krónan veikari nú um stundir en nokkru sinni í sögunni. Höft á fjármagnsflutninga skipa Íslandi í hóp með þróunarlöndum. Annað hvort þarf að gefa viðskipti með krónuna frjáls og taka þeim afleiðingum sem það hefur í för með sér, eða að taka upp annan gjaldmiðil sem nýtur trausts í alþjóðlegum viðskiptum.

Fjölgum störfum

Brýnt er að skapa atvinnutækifæri fyrir ungt fólk. Til að svo megi verða þarf atvinnulífið að vera sterkt og það má ekki sliga með skattheimtu og höftum. Enginn skattleggur það sem ekki er til – eins og iðnaðarráðherra ætti að vera ljóst eftir að olíuleit á Drekasvæðinu var hætt vegna galinnar skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Þar má ætla að hundruð starfa hafi farið forgörðum. Einnig harma ungir sjálfstæðismenn að viljayfirlýsing Alcoa hafi ekki verið endurnýjuð. Það sem ungt fólk veit, en ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms virðist ekki vita, er að án vonar um betri framtíð þá munum við missa okkar besta fólk úr landi. Hætta á atgervisflotta ungs fólks er raunveruleg og hann er þegar hafinn og mun stigmagnast ef ekkert verður að gert.

3. Bætt verklag

Ráðherra hafa þegar almennar valdheimildir til að áminna og reka forstöðumenn ríkisstofana, m.a. ef þeir fara fram úr fjárheimildum. Slíkt er þó svo að segja óþekkt. Það blasir hinsvegar við, þegar fjáráukalög og ríkisreikningur hvers árs eru lagðir fram, að eftirfylgni með framkvæmd fjárlaga er verulega ábótavant. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum. Fjárlög eru því ekki eins og hver önnur rekstraráætlun fyrirtækis, sem menn hafa til viðmiðunar. Alltof margar stofnanir og ráðuneyti fara fram úr fjárheimildum sínum, að því er virðist, oft án þess að eðlilegar skýringar séu á því.

Þetta var vissulega minna vandamál á síðustu árum þegar staða ríkissjóðs var góð, en eins og staðan er nú í ríkisfjármálum mega svona hlutir einfaldlega ekki gerast. Það verður því að endurskoða verklag við eftirfylgni fjárlaga til að tryggja að eftir þeim sé farið. Þess vegna leggja ungir sjálfstæðismenn til að valdheimildir Ríkisendurskoðunar verði efldar, t.d. með því að stofnuninni verði heimilt að áminna og reka forstöðumenn ríkisstofnana sem fara fram úr fjárheimildum, án þess að á því sé eðlilegar skýringar.

4. Sparnaðartillögur

Það þarf enginn að segja ungum sjálfstæðismönnum að ekki sé hægt að auka niðurskurð á sama tíma og enn er verið að byggja tónlistarhús, fjölga ríkisstarfsmönnum og ríkisstofnunum. Aukinn niðurskurður er alltaf betri en skattahækkunir enda hafa heimili og fyrirtæki ekki svigrúm til aukinna skattgreiðslna. Hér á eftir fara ítarlegar sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna sem koma ekki verulega niður á velferðar-, heilbrigðis- eða menntakerfinu. Þá liði sem lögð er fram hagræðingarkrafa á er gert ráð fyrir að ekki verði um flatan niðurskurð að ræða, heldur er verkefnum forgangsraðað.

4.1 Æðsta stjórn ríkisins

Undir liðinn *Æðsta stjórn ríkisins* fellur embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn Íslands, Ríkisendurskoðun, Hæstiréttur og loks Rannsóknarnefnd Alþingis, sem rannsakar nú bankahrunið.

SUS leggur fram 15% hagræðingarkröfu á liðina í heild sinni. Ljóst er að verulega má draga saman í rekstri æðstu stjórnar ríkisins, þá sérstaklega við rekstur Alþingis og embætti forseta Íslands.

Ekki eru lagðar fram niðurskurðartillögur við rekstur Rannsóknarnefndar Alþingis (enda er starfstími hennar takmarkaður) og Hæstaréttar, þannig að ljóst er að aðrir liðir undir þessum málaflokki þurfa að taka frekar til í rekstri sínum.

Við þetta má bæta að ungir sjálfstæðismenn hafa lengi verið þeirrar skoðunar að leggja eigi embætti forseta Íslands niður. Það verður aftur á móti ekki gert strax. Hins vegar hefur forsetaembættið reglulega farið langt fram úr fjárlögum og nýlega birtar tölur um rekstur embættisins, t.a.m. símakostnaður svo dæmi sé tekið, gefa til að kynna að verulega megi draga saman í rekstri embættisins. Til langs tíma litið er rétt að leggja embættið niður en kjörtímabil núverandi forseta líður sitt skeið á enda 2012.

4.2 Forsætisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á forsætisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	205,9	-50%	-103,0
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Vest-norrænt menningarhús	16,2	-100%	-16,2

Sparnaður samtals: -124,2

Alls eru 1.000,2 milljónir króna greiddar úr ríkissjóði vegna forsætisráðuneytisins. Þegar búið er að skera niður þau verkefni sem getið er í ofangreindri töflu og leggja fram 15% hagræðingarkröfu má spara 131,4 milljón króna til viðbótar.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur því orðið 255,6 milljónir króna.



4.3 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 10% hagræðingarkröfu á mennta- og menningarráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	9,6	-100%	-9,6
Rannsóknarmiðstöð Íslands	174,3	-100%	-174,3
Ritl. og rannsóknarsj. prófessora	181,9	-100%	-181,9
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	315,0	-100%	-315,0
Rannsóknasjóður	815,0	-100%	-815,0
Tækjasjóður ¹	115,0	-100%	0,0
Rannsóknarnámssjóður	100,0	-100%	-100,0
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	174,0	-100%	-174,0
Listasafn Einars Jónssonar	16,9	-100%	-16,9
Listasafn Íslands	160,9	-100%	-160,9
Kvikmyndasafn Íslands	50,2	-100%	-50,2
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	33,1	-100%	-33,1
Safnasjóður	94,2	-100%	-94,2
Söfn, ýmis framlög	235,8	-100%	-235,8
Ríkisútvarpið	3.218,0	-100%	-3.218,0
Íslenski dansflokkurinn	119,4	-100%	-119,4
Þjóðleikhúsið	698,3	-100%	-698,3
Sinfóníuhljómsveit Íslands	512,6	-100%	-512,6
Húsafriðunarnefnd	49,2	-100%	-49,2
Listskreytingasjóður	7,1	-100%	-7,1
Kvikmyndamiðstöð Íslands	463,5	-100%	-463,5
Listir, framlög	826,2	-100%	-826,2
Ýmis fræðistörf	103,8	-100%	-103,8
Norræn samvinna	191,0	-100%	-191,0
Ýmis íþróttamál*	338,4	-95%	-321,5
Ýmislegt	328,5	-100%	-328,5

Sparnaður samtals: -9.200,0

Eins og sjá má í töflunni fyrir ofan telja ungir sjálfstæðismenn að ráðuneytið verji fjármunum í fjöldann allan af óþarfa verkefnum. Víða er lagt til að verkefni eða stofnanir verði með öllu lögð niður og þá telur SUS að mikið svigrúm sé til staðar til að skera niður í framlagi til rannsóknarverkefna, enda slíkum verkefnum betur komið hjá menntastofnunum og einkaaðilum og rétt að þau séu fjármögnuð af öðrum en skattgreiðendum.

¹ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

Hvað listasöfn varðar, t.d. listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Gljúfrastein, þá telur SUS að það sé ekki hlutverk hins opinbera að starfrækja söfn, hvað þá að skattgreiðendur séu látnir greiða fyrir þau. Nær væri að söfn væru í höndum einkaaðila sem myndu fjármagna þau með styrkjum (öðrum en opinberum) og aðgangsgjaldi. Þá telur SUS jafnframt að með tíð og tíma beri að efna til uppboðs á málverkum og öðrum listmunum í eigu ríkisins.

Hvað Ríkisútvarpið (RÚV) varðar þarf vart að taka fram að ungir sjálfstæðismenn eru á móti því að ríkið reki atvinnustarfsemi í samkeppni við einkaaðila, þ.á.m. fjölmiðil. Þá telja ungir sjálfstæðismenn að ekki sé hægt að réttlæta skylduáskrift að fjölmiðli líkt og gert er með nefskatti. Hvort sem skylduáskriftin kallast afnotagjald eða nefskattur eru hún ekki réttlætanagerleg. Stigið var ákveðið skref með því að gera RÚV að opinberu hlutafélagi vorið 2008. Nú ber að stíga skrefið til fulls og koma fyrirtækinu (sem áður var stofnun) úr höndum ríkisins til einkaaðila.

Þá telur SUS jafnframt að hið opinbera láti af öllum styrkjum til Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar, Íslenska dansflokksins og annarra skyldra málaflokka. Rétt er að leggja fyrirnefndar menningarstofnanir niður, í það minnsta breyta þeim í sjálfseignarstofnanir þar sem tekjur þurfa að duga fyrir rekstri.

Að baki þessari skoðun liggur einföld ástæða, einstaklingurinn á að velja sér menningarafþreyingu sjálfur og án afskipta hins opinbera. Hið opinbera hefur engar forsendur til að meta, eða mismuna, einum menningarhópi umfram annan líkt og nú er gert.

Hvað Kvikmyndamiðstöð Íslands varðar telur SUS það ekki hlutverk hins opinbera að verja skattfé almennings til kvikmyndagerðar. Heyra má á máli kvikmyndaframleiðenda hér á landi að slík framleiðsla sé arðbær og því telur SUS að kvikmyndaframleiðendur beri bæði kostnað og njóti hagnaðar af slíkri framleiðslu.

Til að vega upp á móti ofangreindum niðurskurði til vísindasjóða og menningar mætti efla samkeppnissjóði á sviði vísinda með því að búa til skattalega hvata fyrir einkaaðila til að styrkja þá. Sama mætti gera með ýmsa lista- og menningarstarfsemi. Með því væri tryggt að starfsemi héldi áfram á þeim sviðum þar sem menn telja sannanlega þörf á því að hún haldi áfram.

*Undir liðnum *ýmis íþróttamál* eru allir liðnir teknir út að undanskildu framlagi til Íþróttafélags fatlaða.

Með ofangreindum tillögum og 10% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins numið rétt rúmum 14 milljörðum króna.

4.4 Utanríkisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á utanríkisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	287,2	-90%	-258,5
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Sendiráð Íslands	2.844,0	-30%	-853,2
Varnarmálastofnun	963,0	-100%	-963,0
Útflutningsráð ²	363,0	-100%	0,0

Sparnaður samtals: -2.079,7

Eins og sjá má leggja ungir sjálfstæðismenn fram 30% hagræðingarkröfu á rekstur sendiráða Íslands víða um heim. Leita þarf leiða til að hagræða enn frekar í rekstri sendiráða, s.s. að selja dýrar byggingar, sameina skrifstofur við önnur norræn sendiráð og svo framvegis. Þó aðeins sé farið fram á 30% hagræðingarkröfu að sinni telur SUS að til enn frekar niðurskurðar þurfi að koma í náninni framtíð.

Þá vekja ungir sjálfstæðismenn sérstaka athygli á liðnum *ýmis verkefni* en af þeim 287 m.kr. sem ætlaðar eru í þann lið fara um 250 milljónir króna í umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Ungir sjálfstæðismenn eru á móti aðild Íslands að ESB og telja rétt að draga umsóknina til baka og spara þá kvartmilljarð sem ætluð er í umsóknarferlið.

Hvað Varnarmálastofnun varðar telur SUS rétt að leggja hana niður í núverandi mynd og færa nauðsynleg verkefni hennar undir Landhelgisgæsluna.

Þá leggur SUS loks til að Útflutningsráð verði lagt niður sem allra fyrst. Ráðið er fjármagnað með sértekjum, en engu að síður er starfsemi ráðsins óþörf.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður utanríkisráðuneytisins numið rúmum 3,4 milljörðum króna.

² Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

4.5 Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	378,4	-72,5%	-274,3
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	14,2	-100%	-14,2
Héraðs og Austurlandsskógar	127,8	-100%	-127,8
Suðurlandsskógar	101,7	-100%	-101,7
Versturlandsskógar	55,2	-100%	-55,2
Skjólsskógar á Vestfjörðum	43,5	-100%	-43,5
Norðurlandsskógar	94,6	-100%	-94,6
Hafrannsóknarstofnun	1.356,8	-100%	-1.356,8
Veiðimálastofnun	107,3	-100%	-107,3
Matvælarannsóknir	461,4	-100%	-461,4
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ³	35,0	-100%	0,0
Rann.sjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	305,8	-100%	-305,8
Bygging ranns.st. sjávarútvegsins	9,4	-100%	-9,4
Skrifstofa ranns.st. atvinnuveganna	57,3	-100%	-57,3
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	153,9	-100%	-153,9
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	57,3	-100%	-57,3
Hagþjónusta landbúnaðarins	25,3	-100%	-25,3
Gr. v/ mjólkurframleiðslu*	5.649,0	-33%	-1.864,2
Gr. v/ sauðfjárframleiðslu*	4.165,0	-33%	-1.374,5
Gr. v/ grænmetisframleiðslu*	421,3	-33%	-139,0
Bændasamtök Íslands	521,4	-100%	-521,4
Búnaðarsjóður ⁴	320,0	-100%	0,0
Framl.sjóður landbúnaðarins	148,1	-100%	-148,1
Verðmiðlun landbúnaðarvara ⁵	405,0	-100%	0,0
Fóðursjóður ⁶	1.400,0	-100%	0,0
Fiskræktarsjóður ⁷	11,0	-100%	0,0
Greiðslur v. riðuveiki	52,0	-100%	-52,0

Sparnaður samtals: -7.350,0

³ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

⁴ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

⁵ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

⁶ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

⁷ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

Ungir sjálfstæðismenn leggja til niðurskurð á flestum atriðum undir liðnum *ýmis verkefni* – þó með þeim fyrirvara að þar er að finna alþjóðlegar skuldbindingar, s.s. hafrannsóknir, Alþjóðahvalveiðiráðið og fleira

Þá telja ungir sjálfstæðismenn rétt að verkalýðssamtök sjómanna sinni sjálf því hlutverki sem verðlagsstofa skiptaverðs sinnir nú og leggja því til að hún verði lögð niður.

Þá leggur SUS til að framlag til Hafrannsóknarstofnunar (Hafró) verði skorið niður og að stofnunin verði lögð niður. Rétt væri að sjávarútvegsfyrirtækin sinntu sjálf því hlutverki sem Hafró sinnir nú. Þannig mætti t.a.m. leggja niður auðlindagjald sjávarútvegsins til að mæta þeim kostnaði sem slíku verkefni kann að fylgja. Þá telur SUS að í framhaldinu megi endurskoða ákvörðunarvald ráðherra þegar kemur að fiskveiðistjórnun þó það sé látið óhreyft um sinn. Til stendur að SUS útlisti hugmyndir sínar um stjórn fiskveiða von bráðar.

Hvað skógrækt og landgræðslu varðar telur SUS að slík verkefni eigi betur heima hjá landeigendum sjálfum. Í öllu falli mætti gera Landgræðslu ríkisins að sjálfseignarstofnun sem afla þyrfti sér tekna með öðrum hætti en að sækja þá í vasa skattgreiðenda. Það sama gildir með önnur skógræktarverkefni.

*Við niðurskurð á framlagi ráðuneytisins til landbúnaðarmála er úr vöndu að ráða. Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn hér á landi sem kallast getur flokkur atvinnulífsins. Þar er landbúnaður að sjálfsgöðu ekki undanskilinn.

Ljóst er að núverandi niðurgreiðslukerfi til mjólkur-, sauðfjár-, og grænmetisframleiðslu hefur fest bændur í fátæktargildru. Ungir sjálfstæðismenn vilja leggja sitt af mörkum til að losa bændur úr þeirri gildru. Nú er það hinsvegar svo að ungir sjálfstæðismenn eru á móti beinum fjárlögum til atvinnustarfsemi á Íslandi. Hlutverk hins opinbera er að skapa atvinnulífinu það svigrúm sem til þarf til að reka hér arðbæra atvinnustarfsemi en ekki að nota skattfé almennings til að styðja við einstaka atvinnustarfsemi. Á móti kemur að hið opinbera hefur skapað landbúnaði hér á landi þau skilyrði sem bændur starfa nú í. Þó svo að SUS sé í grundvallaratriðum á móti greiðslum til einstakrar framleiðslu, s.s. mjólkur- eða sauðfjárframleiðslu, telja ungir sjálfstæðismenn ósanngjarnt að afnema kerfið í heild sinni á svo stuttum tíma sem fjárlögin ná til.

Því leggur SUS til 33% niðurskurð á greiðslum en jafnframt að í framhaldinu verði leitað leiða til að afnema styrkina með öllu, t.a.m. á þremur árum. Þannig mætti, í sátt við landbúnaðinn, fella niður umrædda styrki á löngu tímabili, t.d. á 3 árum, og gefa bændum þann aðlögunartíma sem til þarf. Með þessu móti er líka hægt að koma í veg fyrir að skerðing á framlaginu velti strax út í verðlagið og hafi hækkanði áhrif á vísitölu neysluverðs. Eðlilegra er að neytendur greiði fyrir vöruna í gegnum vöruverð, en ekki í gegnum skattkerfið. T.a.m. má þess geta að þótt vöruverð á Íslandi sé með því hæsta í Evrópu er mjólkurlíterinn óvída jafn ódýr. Það bendir til þess að hér sé gengið alltof langt í beingreiðslum.

Við þetta má bæta að ungir sjálfstæðismenn leggja það til að framlag allra skattgreiðenda til Bændasamtaka Íslands verði afnumið strax. Ungir sjálfstæðismenn óska Bændasamtökunum alls hins besta en telur ekki réttlátt að samtökin séu starfrækt fyrir skattfé almennings.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins numið tæpum 8,7 milljörðum króna.



4.6 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á dóms- og mannréttindaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	8,0	-100%	-8,0
Kristnisjóður	75,0	-100%	-75,0
Jöfnunarsjóður sókna	333,0	-100%	-333,0
Neytendastofa	117,7	-100%	-117,7
Talsmaður neytenda	15,6	-100%	-15,6

Sparnaður samtals: -549,3

SUS leggur til að bæði Neytendastofa og embætti Talsmanns neytenda verði lögð niður hið snarasta, enda óþarfa stofnanir með öllu. Neytendasamtökin, og ekki síst neytendur sjálfir, eru fullfærir til að sinna því hlutverki sem þessar stofnanir sinna nú á þeirra kostnað.

Hvað Þjóðkirkjuna varðar telur SUS rétt að aðskilja ríki og kirkju með öllu. Það verður hins vegar ekki gert á einu bretti og því telur hópurinn rétt að gefa kirkjunni aðlögunartíma. Þannig mætti aðskilja ríki og kirkju á 10 ára tímabili.

Hið sama gildir með sóknargjöld, hvort sem um er að ræða Þjóðkirkjuna eða aðra söfnuði, og telur SUS réttast að einstaklingar kjósi sjálfir að styrkja þær sóknir sem þeir sækja frekar en að ríkið hafi þar milligöngu. Þessir liðir eru þó látnir óhreyfðir í bili en ungir sjálfstæðismenn telja fulla þörf á að endurskoða framlög til kirkjunnar hið snarasta, enda skýtur það skökku við að ein kirkjustofnun sé undir verndarvæng hins opinbera.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður dóms- og mannréttindaráðuneytisins numið rúmum 4 milljörðum króna.



4.7 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 10% hagræðingarkröfu á félags- og tryggingamálaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru sem hér segir:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Leiguíbúðir	642,0	-100%	-642,0
Ríkissáttasemjari	59,4	-100%	-59,4
Jafnréttisstofa	60,5	-100%	-60,5
Vinnueftirlit ríkisins	254,6	-100%	-254,6
Vinnumál	84,2	-100%	-84,2
Félagsmálaskóli alþýðu (ASÍ)	16,9	-100%	-16,9

Sparnaður samtals: -1.122,6

Lagt er til að liðurinn *leiguíbúðir* falli niður. Ríkissjóður greiðir niður lán til lánveitenda þeirra sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk skv. VIII. kafla húsnæðisлага. Lagt er til að þessari tekjutilfærslu til leigusala verði hætt hið fyrsta.

Þá leggja ungir sjálfstæðismenn jafnframt til að embætti ríkissáttasemjara verði lagt niður. Eðlilegt verður að teljast að ef aðilar vinnumarkaðarins geta ekki komist að niðurstöðu skuli þeir greiða sjálfir fyrir þá sáttáþjónustu sem þeir telja sig þurfa. Á það jafnt við um opinbera starfsmenn sem aðra.

Hvað verkefni vinnueftirlits ríkisins varðar er eðlilegt að þeir aðilar sem stofnunin þjónar greiði fyrir þjónustuna. Vinnuveitendur bera margs konar ábyrgð og samkvæmt lögum á aðbúnaður á vinnustöðum að vera fullnægjandi. Ef tjón verður á vinnustað og aðbúnaður er ekki í samræmi við reglur, verður vinnuveitandinn að jafnaði skaðabótaskyldu að öðrum skilyrðum uppfylltum. Vinnuveitendur hafa því beinan hag af því að vera með aðbúnað á vinnustöðum í lagi.

Taka þarf fæðingarorlofssjóð til gagn Gerrar endurskoðunar. Ljóst er að hið opinbera er fyrir löngu búð að missa öll tök á vexti sjóðsins. Íslendingar verða að velta því fyrir sér nú hvort þeir hafi efni á lengra fæðingarorlofi en flestar aðrar þjóðir.

Með ofangreindum tillögum og 10% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður félags- og tryggingamálaráðuneytisins numið rétt tæplega 8,3 milljörðum króna.

4.8 Heilbrigðisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 10% hagræðingarkröfu á heilbrigðisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	8,0	-100%	-8,0
Lýðheilsustöð	245,9	-100%	-245,9

Sparnaður samtals: -253,9

Eins og sjá má leggur SUS til að heilbrigðisráðuneytinu verði að mestu hlíft við niðurskurði, fyrir utan þá 10% hagræðingarkröfu sem gerð er á ráðuneytið líkt og með félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ungir sjálfstæðismenn leggja þó til að Lýðheilsustöð verði lögð niður enda er hún óþörf. Auk þess sem það er ekki hlutverk hins opinbera að leggja einstaklingum línurnar með það hvernig þeir skuli haga lífi sínu, s.s. borða hollan mat, hreyfa sig, ekki reykja, ekki tala með fullan munninn o.s.frv. Þá telur SUS að aðrir aðilar séu betur til þess fallnir að sinna lýðheilsuverkefnum. Má þar nefna íþróttafélög, hjartavernd, tryggingafélög og menntastofnanir.

Við þetta má bæta að SUS telur að verulega þurfi að taka til í rekstri heilbrigðiskerfisins hér á landi eins og margoft hefur komið fram í ályktunum SUS í gegnum tíðina. Nánari tillögur verða kynntar við betra tækifæri en helst má nefna aðkomu einkaaðila, breytt rekstrarform og kostnaðarþátttöku sjúklinga upp að einhverju marki svo fáein dæmi séu tekin.

Með ofangreindum tillögum og 10% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður heilbrigðisráðuneytisins numið um 9,5 milljörðum króna.

4.9 Fjármálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á fjármálaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Útgjöld skv. heimildarákvæðum	350,0	-100%	-350,0
Bankasýsla ríkisins	50,7	-100%	-50,7
Ríkisstjórnarákvarðanir	180,0	-100%	-180,0
Sjómannaafsláttur	1.100,0	-100%	-1.100,0
Ýmislegt	1.062,5	-50%	-531,3

Sparnaður samtals: -2.217,0

Undir liðunum *ófyirséð gjöld* og *ýmislegt* er ljóst að spara má verulega en það vill alltaf gerast að þegar útgjöld eru ekki eyrnamerkt ákveðnum málaflokkum hafa stjórnámamenn þann slæma sið að verja peningunum í gæluverkefni eða annan óþarfa. Afar hættulegt er að útbúa jafn stóran lið og raun ber vitni sem einhvers konar ruslakistu fyrir ýmsa útgjaldaliði. Þá leggur SUS til að liðurinn *ríkisstjórnarákvarðanir* verði fjarlægður af fyrrgreindum ástæðum.

Með nýsamþykktum lögum nr. 88/2009 er komið á fót nýrri stofnun sem á að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Gert er ráð fyrir stofnunin, Bankasýsla ríkisins, starfi í 5 ár.

Hér er um óþarfa stofnun að ræða. Þá sýnir reynslan að það er ekkert eins varanlegt eins og tímabundið verkefni hjá hinu opinbera þrátt fyrir að upphaflegur ásetningur kunnir standa til þess. Verkefni í lengist og starfsmenn hinnar nýju stofnunar sjá sér hag í að sannfæra stjórnámamenn um að meiri þörf sé á störfum þeirra en svo að leggja beri stofnunina af. SUS leggur hins vegar til að framlög til stofnunarinnar verði afnumin og hún lögð niður.

Ungir sjálfstæðismenn telja ekki rétt að hreyfa við barna- og vaxtabótum í bili (að undanskilinni 15% hagræðingarkröfu líkt og með aðra liði ráðuneytisins). Þó telur SUS að taka þurfi alla þessa sjóði til endurskoðunar. Hvað barnabætur varðar telur SUS rétt að taka upp frekari tekjutryggingu á greiðslum barnabóta. Ávallt skal hafa í huga að velferðarkerfið á að virka fyrir þá sem nauðsynlega þurfa á því að halda.

Rétt er að minna á að nota á skattkerfið sem tekjuöflun fyrir nauðsynlegum verkefnum ríkissjóðs, ekki sem tekjujöfnunarverkfæri. Því þarf að endurskoða hina ýmsu málaflokka, s.s. þá sem taldir eru upp hér að ofan.

Það er tímaskekkja að ein stétt manna, sjómenn, njóti sérstakra skattfríðinda. Starf þeirra er vissulega mikilvægt, og hættulegt, en það er eðlilegt að vinnuveitendur þeirra greiði þeim laun í réttu hlutfalli við þá hættu og það mikilvægi, eins og gildir sannarlega um aðrar stéttir.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður heilbrigðisráðuneytisins numið tæpum 8,5 milljörðum króna.

4.10 Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	300,7	-100%	-300,7
Ráðstöfunarfé ráðherra	4,5	-100%	-4,5
Umferðarstofa ⁸	200,6	-100%	0,0
Siglingastofun Íslands	596,9	-100%	-596,9
Flugmálastjórn Íslands	217,1	-100%	-217,1
Flugvellir og flugleiðsþjónusta	2.241,7	-100%	-2.241,7
Fjarskiptasjóður	84,0	100%	-84,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.653,0	-20%	-2.330,6

Sparnaður samtals: -5.775,5

Hér er liðurinn *ýmis verkefni* látin óhreyfður í bili. Um er að ræða 300 milljóna króna útgjaldalið en þar af eru um 207 milljónir króna sem greiðast í meðlög. SUS þykir ekki ástæða til að afnema þær greiðslur sem í allflestum tilvikum berast til einstæðra mæðra.

Þá leggja ungir sjálfstæðismenn til að Umferðarstofa verði lögð niður. Ákveðin verkefni má færa til annarra stofnana. Þannig má færa nýskráningu og tölfræði um ökutæki til Hagstofunnar og umsjón ökuþrófa til sýslumannsembættanna svo dæmi séu tekin. Slík verkefni á að fjármagna með þjónustugjöldum. Þá lítur SUS svo á að *áróðurshlutverk* Umferðarstofu sé óþarft og rétt sé að hvetja tryggingafélög til að sinna slíkum verkefnum, enda hljóta þau að hafa hag af því að leggja sitt af mörkum við það að fækka slysum.

Loks leggur SUS til að bæði Siglingastofnun Íslands (sem síðar meir ætti að sameinast rekstri LHG) og Flugmálastjórn verði teknar af fjárlögum. Báðar þessar stofnanir hafa miklar sértekjur og aðrar tekjur sem innheimtar eru með ríkistekjum. SUS leggur ekki til að stofnanirnar verði lagðar niður heldur að fyrrgreindar sértekjur verði láttnar duga fyrir rekstri.

Hvað liðinn *flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* varðar leggur SUS til að allur rekstur flugvalla verði færður í hendur einkaaðila og þeir sem nýta sér þjónustu flugvalla greiði fyrir afnotin. Jafnframt leggur SUS til að hugað verði að einkavæðingu Keflavíkurflugvallar (Leifsstöð).

Að lokum er lagt til að framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði skorið niður um 20% og sjóðurinn lagður niður á 5 árum. Sjóðurinn er þynnir í augum SUS. Aðeins þeim sveitarfélögum sem innheimta hámarks útsvar er heimilt að sækja um framlag úr sjóðnum en það eru oftast en ekki þau sveitarfélög sem eyða um efni fram og láta ekki enda ná saman. Þá má ítreka að tekjur sveitarfélaga munu aukast með breytingum á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Það mun því vega upp þá skerðingu sem hér er lögð til, og vel það.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins numið rúmum 8,1 milljarði króna.

⁸ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

4.11 Iðnaðarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á iðnaðarráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	8,0	-100%	-8,0
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	482,0	-100%	-482,0
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	10,1	-100%	-10,1
Tækniþróunarsjóður	670,0	-100%	-670,0
Samtök iðnaðarins ⁹	300,0	-100%	0,0
Endurgr. v/ kvikmyndagerðar	157,0	-100%	-157,0
Iðja og iðnaður, framlög	190,8	-100%	-190,8
Orkusjóður	36,9	-100%	-36,9
Niðurgreiðsla á húshitun	1.099,0	-100%	-1.099,0
Jöfnun kostn. v/ dreifingu raforku	245,0	-100%	-245,0
Ýmis orkumál	82,8	-100%	-82,8
Byggðaáætlun	317,6	-100%	-317,6
Byggðastofnun	361,9	-100%	-361,9
Ferðamálastofa	429,7	-100%	-429,7
Ýmis ferðamál	246,7	-100%	-246,7

Sparnaður samtals: -4.337,5

Hér er að finna það ráðuneyti sem má, að mati SUS, við hvað mestum niðurskurði. Ljóst er að verulega hefur verið gefið í útgjaldahliðina síðustu árin og svo virðist sem ráðuneytið hafi misst alla stjórn á útgjöldum í óþarfa verkefni.

Í fyrsta lagi má nefna að Nýsköpunarmiðstöð Íslands á að taka úr opinberum rekstri og getur það nýtt þær sértekjur sem stofnunin fær, 635,5 milljónir króna, til reksturs verkefna sinna. Engin ástæða er til þess að skattgreiðendur láti stofnuninni í té rúmar 480 milljónir til viðbótar við þessa fjárhæð.

Réttast væri að gera stofnunina að sjálfseignarstofnun. Ríkisvaldið er ekki jafn vel til þess fallið að stuðla að nýsköpun og atvinnulífið og því eru líkur til að hægt verði að vinna betur úr þeim fjármunum sem fást frá núverandi sértekjum.

Þá er gert ráð fyrir 670 milljóna króna framlagi skattgreiðenda í Tækniþróunarsjóð. Tækniþróunarsjóður starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs. Starfsmenn eru þrír. Sömu sjónarmið eiga við og um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

⁹ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

Þá er ekkert sem réttlætir hið svokallaða iðnaðarmálasjóðsgjald, sem lagt er á alla iðnrekendur í landinu (allt frá rakarastofum til álvera) og rennur óskipt til Samtaka iðnaðarins (SI). Innan SI eru rúmlega 1.200 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Afar óeðlilegt er að ríkið sé að greiða fyrir starfsemi hagsmunasamtaka og leggur SUS til að gjaldið verði lagt niður og SI afli sér tekna með aðilargjöldum, eins og hver önnur samtök atvinnurekenda.

Varðandi endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar hér á landi má nefna að samkvæmt lögum er heimilt að fá endurgreitt úr ríkissjóði ákveðið hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis. Nýlega var hlutfallið aukið úr 14% í 20%. SUS leggst gegn sértækum fjárútlátum sem þessum og telur að það geti ekki verið ástæða ákvörðunar fyrir erlenda aðila að kvikmynda hér, þótt þeir fái endurgreiddan örlítið hlutfall af heildarkostnaði.

Gert er ráð fyrir rúmum 1,3 milljarði króna til niðurgreiðslu á húshitun og vegna dreifingar raforku. Nú er það svo að um 90% landsmanna hafa aðgang að jarðhita til að kynda hús sín. Íbúar þeirra svæða sem ekki hafa aðgang að jarðhita og kynda hús sín með raforku eða olíu njóta niðurgreiðslna á húshitun. Þeir sem kosið hafa að búa utan þéttbýlis og njóta þeirra kosta sem það hefur upp á að bjóða verða einnig að vera tilbúnir að greiða fyrir ef það er kostnaðarsamara vegna fjarlægðar við aðra byggð.

Gert er ráð fyrir tæpum 680 milljónum króna til byggðaráætlunar og reksturs Byggðastofnunar. SUS telur aftur á móti að hið opinbera eigi ekki að reka byggðaráætlun af neinu tagi né stofnun sem hefur það verkefni að hefta þá þróun sem hefur átt sér stað í hundruð ára, þ.e. þéttingu byggðar.

Einnig er gert ráð fyrir tæpum 680 milljónum króna til reksturs Ferðamálastofu og ýmissa ferðamálatengdra verkefna. Ferðamálastofa sér um ýmis málefni tengd ferðaþjónustu, en um er að ræða markaðsmál, samræmingu upplýsinga, alþjóðlegt samstarf o.fl. að ógleymdri útgáfu leyfa til ferðaskipuleggjenda. Engin rök eru til þess að ferðaþjónusta sé leyfisskyld starfsemi, en sé vilji fyrir því ætti leyfisveitingin frekar að vera á hendi dómsmálaráðuneytis eða sýslumanna. Að öðru leyti er um að ræða starfsemi sem ferðaþjónustuaðilar geta sjálfir staðið fyrir ef vilji er fyrir því. Af þeim sökum leggur SUS til að Ferðamálastofa verði lögð niður.

Ferðaþjónustan hefur lengi notað það sem rök að með ferðaþjónustu sé verið að selja aðgang að Íslandi, færa inn erlendan gjaldeyri og veltu sem allir njóti góðs af. Ljóst má þó vera að ferðaþjónustan nýtur þess mest sjálf fjárhagslega og telur SUS að ferðaþjónustufyrirtæki komist vel af án beins fjárstuðnings skattgreiðenda. Nær væri að skoða mögulega skattaafslætti fyrir þá aðila sem vinna að markaðssetningu erlendis en þær hugmyndir bíða betri tíma.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður iðnaðarráðuneytis numið tæpum 4,5 milljörðum króna.

4.12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	54,9	-100%	-54,9
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,0	-100%	-3,0
Flutningssjóður olíuvara ¹⁰	520,0	-100%	0,0

Sparnaður samtals: -57,9

Hér er um frekar einfalt ráðuneyti að ræða, þ.e.a.s. þegar kemur að að niðurskurðartillögum. SUS leggur til að framlag til Fjármálaeftirlitsins (FME) og Samkeppniseftirlitsins verði látin ósnert í bili, þó vissulega megi endurskoða hlutverk Samkeppniseftirlitsins.

Rétt er þó að taka fram að kostnaður við starfsemi FME er innheimtur með sérstökum ríkistekjum þannig að ekki er um beint framlag skattgreiðenda að ræða.

Loks leggur SUS til að hið opinbera hætti afskiptum af flutningi olíuvara á milli landshluta. Réttast er að lögmál framboðs og eftirspurnar eiga að ráða verði á markaði. Þar er eldsneyti að sjálfsgöðu ekki undanskilið.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður efnahags- og viðskiptaráðuneytisins numið um 230 milljónum króna.

¹⁰ Kostnaður innheimtur af öðrum ríkistekjum.

4.13 Umhverfissráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 15% hagræðingarkröfu á umhverfissráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/stofnun	Fjárlög 2010	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	288,1	-100%	-288,1
Ráðstöfunarfé ráðherra	4,5	-100%	-4,5
Náttúrurannsóknarst. v/ Mývatn	22,3	-100%	-22,3
Vatnajökulsþjóðgarður	323,8	-100%	-323,8
Hekluskögar	22,6	-100%	-22,6
Stofnun Vilhjalms Stefánssonar	28,0	-100%	-28,0
Landgræðsla ríkisins	590,4	100%	-590,4
Skógrækt ríkisins	250,9	-100%	-250,9
Landmælingar Íslands	226,9	-100%	-226,9
Náttúrufræðistofnun Íslands	383,5	-100%	-383,5
Náttúrustofur	74,1	-100%	-74,1
Veðurstofa Íslands	626,6	-25%	-156,7

Sparnaður samtals: -2.371,8

Verulega má skera niður í rekstri ráðuneytisins. Þannig telur SUS ekki réttlætanlegt að skattgreiðendur séu látnir greiða fyrir rekstur þjóðgarða, sbr. Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðurinn aflar sér nú þegar rúmlega 56 milljónum króna í sértekjur og telur SUS rétt að skera niður öll bein framlög skattgreiðenda, rétt er að þjóðgarðurinn afli sér frekari sértekna.

Svipaða sögu má segja um Landgræðslu og Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir rúmlega 840 milljóna króna framlagi til þessara tveggja stofnana en rétt er að geta þess að þær afla sér nú þegar tæplega 350 milljóna króna í sértekjur. Líkt og fram kom í niðurskurðartillögum vegna sjávar- og landbúnaðarráðuneytisins telur SUS að skógrækt og landgræðsla eigi ekki að vera á hendi hins opinbera. Því leggur SUS til að þessar stofnanir verði teknar af fjárlögum.

Hvað Landmælingar Íslands varðar telur SUS að leita þurfi leiða til að afla stofnuninni sértekna, t.d. með sölu á kortum og gögnum sem stofnunin hefur unnið. Þá nema sértekjur Náttúrufræðistofnunar tæpum 113 milljónum króna og telur SUS rétt að skera rúmlega 380 milljóna króna framlag skattgreiðenda niður. Líkt og með Landmælingar telur SUS að Náttúrufræðistofnun þurfi að afla sér meiri sértekna til að sinna hlutverki sínu.

Hvað Veðurstofu Íslands varðar er rétt að taka fram að stofnunin aflar sér nú þegar tæplega 940 milljónum króna í sértekjur. Þrátt fyrir það er beint framlag skattgreiðenda tæpar 630 milljónir króna. SUS leggur til að það framlag verði lagt niður á fjórum árum, með 25% niðurskurði árlega.

Með ofangreindum tillögum og 15% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður umhverfissráðuneytisins numið um 2,6 milljörðum króna.

UM SUS

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) er samband allra svæðisbundinna sjálfstæðisfélaga fólks á aldrinum 15 til 35 ára. Félögin eru 38 talsins. Um 11.000 ungir sjálfstæðismenn eiga aðild að sambandinu, sem var stofnað á Þingvöllum 27. júní árið 1930. Sambandsþing eru haldin annað hvert ár í ágúst eða september þar sem formaður og 26 stjórnarmenn úr öllum kjördæmum landsins eru kjörnir til tveggja ára. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega. Fimm manna framkvæmdastjórn, sem fer með daglegan rekstur sambandsins, kemur saman vikulega. Skrifstofa sambandsins er í Valhöll við Háaleitisbraut 1.

Stjórn

Ólafur Örn Nielsen, formaður
Runólfur Þór Sanders, 1. varaformaður
Davíð Þorláksson, 2. varaformaður
Hanna Kristín Skaftadóttir, ritari
Stefán Einar Stefánsson, gjaldkeri
Ari Guðjónsson
Ásdís Halla Arnardóttir
Benedikt Hallgrímsson
Bergur Þorri Benjamínsson
Egill Örn Gunnarsson
Elín Káradóttir
Fannar Hjálmarsson
Gísli Freyr Valdórsson
Hlynur Jónsson
Hödd Vilhjálmstöttir
Ingibjörn Þórarinn Jónsson
Margrét Rós Ingólfstöttir
Maríjon Ósk Nóadóttir
Rafn Steingrímsson
Rúnar Ólason
Sigríður Dís Guðjónstöttir
Snævar Sölvi Sölvason
Sævar Guðmundsson
Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson
Víðir Smári Petersen

Varastjórn

Björgvin Árnason
Dagný Jónstöttir
Gísli Jón Hjartarson
Gunnsteinn Finnsson
Magnús Júlíusson
Ragnar Árni Sigurðsson
Þorsteinn Júlíus Árnason

Framkvæmdastjóri

Hödd Vilhjálmstöttir
Sími: 515-1700
GSM: 696-6999
hodd@xd.is

UM SKÝRSLUNA

Skýrsla þessi var unnin af fjárlaganefnd SUS og stjórn SUS. Efni hennar er byggt á hugmyndavinnu þessa fólks, stjórn málaályktun þings SUS sem haldið var á Ísafirði 25. – 27. september 2009 og efnahagstillögum þingflokks sjálfstæðismanna sem fram komu í tillögu til þingsályktunar um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála (3. mál, 3. þingskjal á 138. löggjafarþingi).

Fjárlaganefnd SUS

Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson, formaður
Auðbergur Daníel Hálfðánarson
Björn Atli Axelsson
Davíð Þorláksson
Fannar Hjálmarsson
Gísli Freyr Valdórsson
Helgi Sigurðsson
Hjalti Sigurðsson
Ólafur Örn Nielsen
Runólfur Þór Sanders
Rúnar Ólafsson
Sigurbaldur Frímannsson
Sigríður Dís Guðjónsdóttir

Samband ungra sjálfstæðismanna
Háleitibraut 1
105 Reykjavík

515-1700
sus@xd.is
www.sus.is